

154. löggjafarþing 2023–2024.  
Þingskjal 844 — 578. mál.  
3. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar,  
nr. 100/2007 (eingreiðsla).

Frá Ingu Sæland.

Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þeir einstaklingar sem eiga rétt á greiðslu ellilífeyris skv. 17. gr. á árinu 2023 og hafa óskertan ellilífeyri almannatrygginga skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 66.350 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem skal innt af hendi eigi síðar en 31. desember 2023, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.

### Greinargerð.

Lagt er til að tryggja þeim ellilífeyrisþegum sem fá á árinu 2023 óskertan ellilífeyri almannatrygginga samskonar eingreiðslu og mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins til öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega. Um er að ræða tekjulægsta hóp ellilífeyrisþega sem hafa svo lágar lífeyristekjur að þær leiða ekki til skerðingar á ellilífeyri þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins nær tillagan til 2.135 manns, þar af 1.007 manns sem fá nú ellilífeyri í stað örorkulífeyris.